

Hafnarfjarðarbær
Anna Margrét Tómasdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 27. apríl 2022
UST202203-211/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 – Þynningarsvæði, iðnaðarsvæði og athafnarsvæði.

Vísað er til erindis verkefnastjóra á umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar er barst 15. mars sl. þar sem stofnuninni er vakin er athygli á auglýsingu um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna þynningarsvæðis, iðnaðarsvæða I3 og I4 og athafnarsvæða AT3 og AT4.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að afmörkun þynningarsvæðis er feld úr skipulagi, landnotkunarflokkurinn I3 verður hluti af AT3, sem stækkar úr úr 18 ha í 58 ha og landnotkunarflokkurinn I4 verður hluti af AT4 sem verður 40 ha. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir um að þynningarsvæðið sé fellt úr aðalskipulagi sveitarfélagsins, en vill koma með eftirfarandi ábendingar.

Varnar- og öryggissvæði

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að í umsögn Umhverfisstofnunnar dags. 25. nóvember 2021, þar sem fjallað er um lýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar, er bent á að ekki sé til staðar öryggissvæði í kringum álverið í Straumsvík og telur stofnunin að ekki sé ástæða til að skipuleggja varnar- og öryggissvæði á því svæði.

Hafnarfjarðarbær lagði fram drög að nýju aðalskipulagi þann 12. nóvember 2021 þar sem tillaga var að skilgreinar nýtt svæði, öryggis- og varnarsvæði kringum álverið en fella brott varúðarsvæðið. Umhverfisstofnun sendi umsögn um tillögunar þann 25. nóvember 2021 þar sem m.a. var bent á að ekki væri þörf á að skipuleggja varnar- og öryggissvæði kringum álverði enda eru þau svæði skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 Svæði innan sveitarfélags þar sem ráðherra sem fer með málefni varnar- og öryggissvæða fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála, sbr. 8. gr. skipulagslaga

Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eru varnar- og öryggissvæði skilgreind sem svæði innan sveitarfélags þar sem ráðherra sem fer með málefni varnar- og öryggissvæða fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála, sbr. 8. gr. skipulagslaga. Dæmi um varnar- og öryggissvæði er svæðið á Keflavíkurflugvelli. Að því sögðu þá telur stofnunin ekki rétt að skilgreina svæðið sem varnar- og öryggissvæði.

Varúðarsvæði í skipulagi

Umhverfisstofnun bendir á að í 4.5.3. gr. skipulagsreglugerðar segir að afmarka skal svæði sem varúðarsvæði þar sem takmarkanir gilda vegna hættu fyrir heilsu og öryggi

manna. Varúðarsvæði eru skilgreind í aðalskipulagi vegna eðli hættu eða mengunar sem starfsemi getur valdið svo sem frá álverum.

Í núgildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er skilgreint varúðarsvæði á sama svæði og þynningarsvæði var samkvæmt eldra starfsleyfi Rio Tinto. Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eru varúðarsvæði svæði þar sem mögulega er hættu fyrir heilsu og öryggi almennings m.a. vegna mengunar frá álverum.

Skylt er að tilgreina í aðalskipulagi svæði þar sem sérstakar aðstæður kalla á takmarkanir á landnotkun, mannvirkjagerð eða umgengni. Sjá 4.3 gr. um gerð aðalskipulags og 5.3 gr. um gerð deiliskipulags hvað varðar viðfangsefni skipulags og takmarkanir á landnotkun.

Varúðarsvæði eru svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni.

Í 4.3.1. gr. skipulagsreglugerðar er fjallað um viðfangsefni og efnistöð aðalskipulags. Í 1. lið ákvæðisins er kveðið á um varúðarsvæði og náttúruvá. Þar kemur m.a. fram að þar er önnur hættu fyrir heilsu og öryggi almennings svo sem vegna mengandi atvinnustarfsemi. Eðli hættu eða mengunar sem starfsemi getur valdið, svo sem frá álverum. Taka skal fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð. Takmarkanir og reglur sem gilda um landnotkun og mannvirkjagerð.

Með nýju starfsleyfi Rio Tinto frá 28. október 2021 var þynningarsvæðið fellt úr gildi. Í samtölum við skipulagsyfirvöld í Hafnarfirði óskaði Umhverfisstofnun eftir því að varúðarsvæðið yrði ekki strax fellt úr skipulagi þar sem ekki lögju fyrir mælingar á öllum mengunarefnum innan svæðisins. Meðal annars voru skipulagsyfirvöld upplýst um uppsetningu á nýrri mælistöð vestan við álverið til að meta loftgæði. Til stendur að mælingar verði gerðar á SO₂ til að fá vísbendingu um dreifingu loftmengunar.

Umhverfisstofnun ítrekar að ekki liggja fyrir mælingar á öllum mengunarefnum innan núverandi varúðarsvæðis í skipulagi og telur stofnunin að rétt sé að bíða með niðurfellingu varúðarsvæðis þar til niðurstöður mælinga liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur